

Ed.

615. Frumvarp til laga

[284. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda og reksturs Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði 1 260 millj kr.

2. gr.

Af lánsfé því sem aflað er skv. 1. gr. skal verja 931 millj. kr. til að greiða skuld ríkissjóðs er myndaðist á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna hallareksturs Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmd þeirra umfram fjárhagsáætlun til ársloka 1974.

Jafnframt er heimilt að verja 329 millj. kr. af lánsfé þessu til að greiða skuld ríkissjóðs er myndast hafði til ársloka 1974 á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna útgjalda Vegagerðar ríkisins umfram fjárveitingar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að greiða hluta af skuldum á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum með fé er tekið er að láni erlendis.

Hér er að meginhluta um að ræða skuldir sem urðu til á s. l. ári vegna reksturs og framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins umfram fjárhagsáætlun, en ekki var hjá því komist að ríkissjóður greiddi til bráðabirgða úr erfiðleikum þeim sem leiddu af starfsemi þeirra.

Til þess að mæta þörf ríkissjóðs til að standa við skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins endurlánaði Seðlabanki Íslands fé af svokölluðu oliuláni er tekið var hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á s. l. ári.

Þá er hér enn fremur um að ræða lántöku vegna Vegagerðar ríkisins en á undanförunum árum hafa safnast upp lausaskuldir sem fluttar hafa verið milli ára án þess að frá þeim væri gengið á formlegan hátt.

Talið var rétt að gera skuldir þessar upp á árinu 1974. Heimild sú til lántöku sem hér er leitað eftir er nauðsynleg vegna þessarar ráðstöfunar. Seðlabankinn veitti ríkissjóði fyrirgreiðslu vegna skuldar þessarar á s. l. ári af fé því sem tekið hafði verið að láni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og áður er til vitnað.